

Mál nr. 48/2015
M og
V v. fjölskyldutryggingar O.

Farþegi í bifreið missti tak á bílhurð sem hann opnaði í roki þ. 10.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.2.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 4.3.2015

Málsatvik.

M segir að vonskuveður hafi verið umrætt sinn og eiginmaður váttryggingataka hafi beðið um far að heimili sínu, og verið ekið að brekku fyrir neðan heimilið, og þegar hann opnaði vinstri afturhurðina hafi hann misst hana í rokinu og hurðin skemmst það mikið að hún sé trúlega ónýt. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu O eiginkonu farþegans og segir að hann hefði átt að sýna meiri aðgæslu þegar hann opnaði hurðina þar sem hann átti að gera sér grein fyrir veðuraðstæðum. V hafnar bótaskyldu og segir engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu M sem sýni fram á gáleysi eiginmanns váttryggingataka. V segir að gögn málsins benda til þess að atvikið megi rekja til skyndilegrar og óvæntrar vindhviðu. Þá segir V að atvikið verði ekki rakið til atvika eða ástæðna sem váttryggingataki beri ábyrgð á heldur sé hér um óhappatilvik að ræða.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð. Ekki liggja fyrir í gögnum málsins upplýsingar um hvernig veðrið var nákvæmlega, þó ekki sé dregið í efa að vonskuveður hafi verið þegar óhappið varð. Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki sýnt fram á að eiginmaður váttryggingartakans O hafi sýnt af sér gáleysi þegar hann opnaði hurðina á bifreið M eða beri af öðrum ástæðum bótaskyldu á þeim skemmdum sem á henni urðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu O hjá V.

Reykjavík 24. 3. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.